

# Málmíðnaður

4. nóvember 2016

KYNNINGARBLAÐ



# Nú vilja allir eldhúðað járn


Á undanförunum árum hafa stigahandrið úr gleri verið mjög vinsæl hér á landi. Nú er sú tíska á undanhaldi og gróft, eldhúðað járn að taka við. Tískustraumar breytast og mínímalístíkan sem hér hefur verið allsráðandi er að hverfa fyrir kósíheitum.

**Elin Albertsdóttir**  
elin@365.is



Daníel Óðinsson sem starfar hjá JSÍ, járnsmiðju Óðins, segir að töluverðar breytingar hafi átt sér stað í stigahandriðum. „Mér sýnist allir vilja grófa, eldhúðaða járníð núna. Við höfum verið að setja það upp til dæmis á nýja Hard Rock staðnum, hjá Marel og í Hagkaupum í Smáralind sem verða opnuð um helgina. Glerið er á undanhaldi vegna þess að það er orðið of dýrt. Ný reglugerð sem tók gildi 2012 gerir kröfu um breytingar á glerhandriði sem varð til þess að það varð tvöfalt dýrara en áður. Þetta eru öryggiskröfur,“ segir Daníel en í reglugerðinni segir: „Á öllum glerhandriðum skal vera samfelldur handlisti með fullnægjandi festingum eða annar frágangur sem tryggir fullnægjandi fallvörn ef glerið brotnar. Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Ryðfrí handrið hafa alltaf verið vinsæl en nú hafa þessi eldhúðuðu tekið við. Tískan breytist stöðugt og eftir tvö ár verður komið eitt-hvað nýtt,“ segir Daníel. „Þessi grófu handrið eru bæði tekin í fyrirtæki og á einkaheimili. Mér sýnist fólk vera svolítið að leita til




**Daníel Óðinsson hjá Járnsmiðju Óðins.**  
MYND/GVA

fortíðar í hönnun, til dæmis eru fulningar að koma aftur,“ segir hann. „Þá eru dökkir litir nokkuð vinsælir. Þetta ískalda gler og stál er að hverfa.“

Járnsmiðja Óðins hefur starfað í þrjátíu ár og menn hafa fylgst vel með tískubreytingum. Fyrirtækið framleiðir handrið, borðplötur og klæðningar alls konar ásamt allri annarri stálsmiði. „Það eru ekki bara eldhúðuð handrið sem eru vinsæl því fyrirtækið framleiðir mikið af veggklæðningum úr þessu efni. Það er vinsælt í sumar-bústaði, heimili og fyrirtæki. Þetta er mikið notað til að klæða arna,“ segir Daníel.

Mikið hefur verið að gera í fyrirtækinu sem annar vart eftirspurn. „Við erum mest í sérsmiði. Það er uppgangur í þjóðfélaginu sem við finnum vel fyrir. Og allir vilja fá verkið unnið í hveli,“ segir hann og hlær.



Annars konar skilrúm.



Stígi sem smíðaður er úr eldhúðuðu jární.



Eldhúðað og gróft járn er mikið í tísku um þessar mundir. Það hefur komið í stað glersins sem var allsráðandi.

ÚTGEFANDI  
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301

VEFFANG  
visir.is

UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA  
Jóhann Waage | johannwaage@365.is | s. 512-5439

ÁBYRGÐARMAÐUR  
Svanur Valgeirsson

SANDBLÁSTUR & MÁLMHÚÐUN  
**FERROZINK**

ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI FYRIR  
MÁLM- OG BYGGINGARÍÐNAÐ



- Framleiðsluvörur, ljósastaurar, vegrið o.fl.
- Smíðastál, svart og sandblásið og grunnað
- Ryðfrítt stál
- Plast
- Ál
- Boltar, rær og aðrar festingarvörur
- Hesta- og girðingarvörur
- Verkfæri og vinnufatnaður
- Zinkhúðun
- Alfa Laval búnaður fyrir matvælaíðnað

# Ál flýgur um allan heim

Jules Verne varð fyrstur til að lýsa kostum áls í fljúgandi farartæki í *Ferðin til tunglsins* árið 1865. Nokkrum áratugum síðar notuðu Wright bræður ál í flugvél sína. Í dag eru ál og álblöndur helsta byggingarefni flugvéla. Nýjustu þoturnar eru

60% ál og léttari en nokkru sinni fyrr, hafa meira flugþol og nota minna eldsneyti.

Við framleiðum létt og sterkt hágæðaál sem kemur við sögu á hverjum degi um allan heim.




  
**JÁRNPRÝÐI**  
ALMENN SÉRSMÍÐI

**ÍTALSKT  
SMÍÐAJÁRN**

Eigum til á lager ítalskt skrautjárn  
sem hentar í handrið o.fl.  
Getum einnig sérpantað smíðajárn.

Ingi@jarnprydi.is | Gsm: 822 1717

**Þjónusta Vélsmiðju Suðurlands ehf**  
er á breiðum grunni varðandi hefbundna  
starfsemi vélsmiðju, nýsmíði, viðgerðum og  
ýmiss konar viðhald, ekki síst fyrir bændur  
og búalið.



**Vélsmiðja Suðurlands**  
Selfossi • Gagnheiði 5 • ☎482 1980

**Vélvirki ehf. Dalvíkurbyggð**

veitir alhliða þjónustu við skip báta og bíla af öllum stærðum og gerðum.

Þjónustum fiskvinnsluna, höfnina, bændur, bæjarbúa og alla landsmenn eftir bestu getu.

Littu við hjá okkur og kynntu þér þjónustuna.

**Vélvirki ehf.**  
Hafnarbraut 7, 620 Dalvíkurbyggð

☎ sími véladeild 466 1088  
☎ sími bíladeild 466 1094



**Vélvirki ehf.**

# Málmiðnaðurinn er tæknigreinin framtíðar

**Málmiðnaður** hefur skipt máli fyrir land og þjóð í gegnum tíðina. Framtíð iðnaðarins er björt að sögn formanns Málms – samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði.

**Lilja Björk Hauksdóttir**  
liljabjork@365.is



Innan málmiðnaðar eru margar löggiltar iðngreinar, svo sem blikksmíði, járnsmíði, ketil- og plötusmíði, mótasmíði, málmsteypa, rennismíði, vélvirkjun, stálsmíði og skipasmíði.

Málmur er samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði og innan félagsins eru um fimmtíu fyrirtæki. Fyrirtæki í skipaiðnaði, fyrirtæki sem annast mannvirkjagerð ýmisskonar, svo sem byggingu raforkuvera, vélaviðgerðir og vélsmíði, framleiðslu véla og tækja fyrir matvælaframleiðslu. Einnig fyrirtæki sem veita stóriðjunni þjónustu. „Stálmannvirki í byggingum verða sífellt stærri hluti byggingaframkvæmda og þjónusta við aðrar framleiðslugreinar er einnig stór þáttur starfsemi málmiðnaðarfyrirtækja,“ segir Guðlaugur Þór Pálsson, formaður Málms.

Málmur hefur starfað frá árinu 1992. Árið 1993 kom félagið að stofnun Samtaka iðnaðarins í gegnum Samband málm- og skipasmíðja. Málmur er öflugur starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins sem hefur þann tilgang að vinna að hagsmunum aðildarfyrirtækja og efla samkeppnishæfni þeirra og arðsemi. Félagið hefur það að markmiði að auka vöxt og vegsemd málmiðnaðarinnar. „Markmið samtakanna er að auka framleiðni og að menntastefna greinarnar sé skýr.“

Guðlaugur nefnir að málmiðnaður á Íslandi eigi sér langa sögu sem meðal annars er tekin fyrir í bókinni Eldur í afli eftir Sumarliða R. Ísleifsson sem kom út árið 1987. Þar er rakin saga málm-



Innan málmiðnaðar eru margar löggiltar iðngreinar, svo sem blikksmíði, járnsmíði, ketil- og plötusmíði, mótasmíði, málmsteypa, rennismíði, vélvirkjun, stálsmíði og skipasmíði úr járn og stáli. NORDIC PHOTO/GETTY



**Guðlaugur Þór Pálsson, formaður Málms.**

iðnaðar á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. Bókin Frá steðja til stafns er síðara bindi af sögu málmiðnaðar og tekur aðallega fyrir tímabilið 1950-90 en bókin kom út árið 1994.

„Það má með sannri segja að með vélvæðingu á Íslandi til lands og sjávar hafi þörf og uppgangur málmiðnaðar tekið stökk. Og hefur málmiðnaður ávallt skipt verulegu

máli fyrir land og þjóð. Það er staðreynd að þær þjóðir sem búa að öflugum málmiðnaði eru þær þjóðir sem státa af mestri hagsæld og velferð sinna þegna,“ lýsir Guðlaugur og bætir við að málmiðnaður eigi jafn mikið erindi í dag og áður. Hann hafi þróast og náð að fylgja kröfum markaðarinnar.

Málmiðnaður er tæknigreinin framtíðarinnar að sögn Guðlaugs og ljóst að framtíðin er björt ef rétt er staðið að málum. Þar skiptir mestu máli að nýta þekkingu og hæfni til að komast í fremstu röð. Slíkt krefst skipulegrar og markvissrar vinnu innan samtakanna sem og í fyrirtækjunum. „Þörf á fleiri starfsmönnum eykst stöðugt. Í dag er vöntun á starfsmönnum í greininni og hefur svo verið í langan tíma. Átak er í gangi til að kynna greinina og auka áhuga ungs fólks enda framtíðarmöguleikar miklir og tekjumöguleikar þar með. Auk þess er starfsaðstaða í fyrirtækjunum yfirleitt til fyrirmyndar.“










Svalir hafa unnið að mannvirkjagerð með framsæknu hugarfari og góðum samskiptum að leiðarljósi.









## Námskeið tengd málmsmíði

Hlutverk IÐUNNAR fræðslu-urs er að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í iðnaði. IÐAN stendur fyrir mörgum áhugaverðum námskeiðum þar á meðal á málm-tæknisviði. Hér eru nokkur námskeið sem verða í boði á næstunni.

- MIG/MAG-suða með duftfylltum og massifum vír 7. nóvember 2016
- Ál og álsuða 5. desember 2016
- Logsuða 21. nóvember 2016

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



EUROPEAN UNION  
ERKJÓGLECT IFN  
A RETRO

SAFT

# Véltækni er skemmtileg og gefandi

Nám í málmiðnaði og véltækni býður upp á fjölbreytt atvinnutækifæri og ágætis laun að sögn **Grétars** og **Margrétar** sem starfa bæði hjá **Héðni**. Verkefni eru fjölbreytt og spennandi auk þess sem andinn er góður meðal starfsmanna og góð og björt vinnuástaða.

Þau Grétar Ólafsson vélstjóri og Margrét Jónína Árnadóttir vélvirkni eru bæði fædd 1990 og hafa starfað í véladeild Héðins frá því að námi lauk. Þau eiga það sameiginlegt að hafa tekið stúdentspróf áður en þau áttuðu sig endanlega á því að véltækni heillaði meira en áframhaldandi bóknám. „Ég var alltaf að gera við reiðhjólín fyrir vini mína og svo færðist dellan yfir á mótörhjól, vélsleða og jeppa,“ segir Grétar, sem er vélfræðingur og 4. stigs vélstjóri úr Vélaskóla Tækniskólans. „Ég var byrjaður í HR þegar ég áttaði mig á því að mig langað ekki til að sitja við tölvu í Autocad alla daga og dreif mig þá í vélstjóranámið.“ Hann lætur ekki þar við sitja og er nú á fullu í viðbótarnámi í rafvirkjun.

Margrét segir að hún hafi alltaf haft áhuga á bílum og ætlaði í bifvéla-virkjun eftir stúdentsprófið. „En svo áttaði ég mig á því að með námi í vélvirkjun hefði ég miklu fjölbreyttari atvinnumöguleika, að ég gæti unnið jafnt við bíla sem annan vélbúnað.“

## Fjölbreytt verkefni

Hún segist í raun ekki hafa haft hugmynd um hvað hún var að fara út í þegar hún hóf námið. „En svo er þetta bara alveg ótrúlega gaman og ég er fegin að hafa farið þessa leið.“ Hún ætlar þó ekki að láta staðar numið og stefnir á frekara nám í vélaverkfræði.

Margrét segist stundum lenda í rökræðum við karlmenn sem telja sig vita sitt af hverju um vélar. „Þeir taka því nú ekkert alltaf vel þegar

ég leiðrétti einhverja vitleysuna úr þeim,“ segir hún hlægjandi.

Þau Grétar og Margrét eru afar ánægð með að starfa hjá Héðni. „Þetta er svo stórt fyrirtæki að verkefni eru fjölbreytt og spennandi,“ segir Grétar, sem sinnir Rolls-Royce Marine þjónustu hjá Héðni. Meðal verkefna hans er uppsetning og viðhald á stýribúnaði og tölvubúnaði og tengivinna um borð í skipum viðskiptavina Héðins.

## Fjölbreytt atvinnutækifæri

Margrét sinnir einkum viðhaldi og viðgerðum á mótörum, spilum og tjökkum. Hún er ekki há í loftinu en lætur ekki trufla sig þó að stundum hafi hún ekki krafta á við karlkyns vinnufélaga. „Ég nota þá bara krana meira til að létta undir með mér.“

Þau tala hlýlega um Héðin og nefna til sögunnar góðan anda meðal starfsmanna, frábært mótuneyti og góða og bjarta vinnuástöðu í nýja húsinu við Gjáhellu.

„Mannlegi þátturinn í samskiptum við yfirmenn er líka á afskaplega jákvæðum nótum,“ segir Margrét. „Maður mætir alltaf skilningi þegar aðstæður breytast skyndilega, börnin veikjast eða eitthvað annað kemur upp á.“ Grétar tekur undir þetta, hann er í björgunarsveit og fær að sinna útköllum þegar mikið liggur við.

Mæla þau með námi og starfi í málmiðnaði og véltækni? „Ekki spurning. Þetta er skemmtilegt nám og skemmtileg vinna, fjölbreytt atvinnutækifæri og ágætis laun.“



Margrét Jónína og Grétar starfa í véladeild Héðins. MYND/GVA

# Rolls-Royce Marine Service Provider

≡ HÉÐINN ≡

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.is



# Stefnir á iðnaðarverkfræði í Noregi

Ragnildur Halla Þórunnardóttir hóf nám í grunndeild málm- og véltæknigreina við Verkmenntaskólann á Akureyri í haust. Hún segir námið skemmtilegt og stefnir á nám í iðnaðarverkfræði í einhverju Norðurlandanna í framhaldinu. Í frístundum þeytist hún um á krossara.

Ragnheiður Tryggvadóttir  
heida@365.is



„Ég er alin upp innan um vélar. Pabbi er vélvirki og vinnur við þetta. Ég fékk oft að koma með honum í vinnuna og var þá að græja eitthvað og gera á verkstæðinu. Ég fékk aðeins að smíða en var samt aðallega að gera við,“ segir Ragnhildur Halla Þórunnardóttir, nemandi í grunndeild málm- og véltæknigreina við Verkmenntaskólann á Akureyri.

Ragnhildur hóf nám í haust og er ánægð með skólann. Fáar stelpur sé þó að finna í deildinni en það truflar hana ekki neitt.

„Skólinn gengur bara vel, allavega enn þá. Þetta er mjög skemmtilegt nám og stemningin er fín í bekknum,“ segir Ragnhildur. „Við erum bara þrjár stelpur í allri grunndeild málmíðna, hinar tvær eru eldri en ég og ég þekki þær ekkert. Mér finnst ekkert erfitt að vera eina stelpa en það getur verið krefjandi. Vinkonur mínar eru flestar á náttúrufræðibraut, hestabraut, íþróttabraut og á félagsfræðibraut.“

Hvers konar verkefni eruð þið að fást við í skólanum? „Náminu er skipt niður í nokkra flokka en í málmsmíðinni erum við til dæmis að smíða skaft á hamar og blikk-kassa,“ segir Ragnhildur.

Ertu búin að ákveða hvað tekur við eftir Verkmenntaskólann? „Mig langar að fara til Noregs eða til ein-

” Við pabbi erum aðallega að taka í sundur varahluti og fleira, í bíla og hjól en ég á krossara og það fylgir því sporti dálítið að græja það.

Ragnhildur Halla Þórunnardóttir

hvers af Norðurlöndunum og læra iðnaðarverkfræði.“

Þegar Ragnhildur er ekki í skólanum þeytist hún um á krossara. Hún segir motocross-sportinu fylgja heilmiklar viðgerðir sem hún sinnir á verkstæðinu ásamt pabba sínum, sem einnig er í sportinu.

„Við pabbi erum aðallega að taka í sundur varahluti og fleira, í bíla og hjól en ég á krossara og það fylgir því sporti dálítið að græja það. Ég á Suzuki rmz 250 fjörgengis, 2005 árgærd. Ég byrjaði í motocrossinu í haust eða um sama leyti og ég byrjaði í skólanum. Ég er ekkert að keppa eða neitt slíkt, þetta er bara hobbí hjá mér. Ég er með pabba í þessu en hann á líka hjól. Við förum yfirleitt upp í sveit til ömmu og afa á Tjörnesi að hjóla, en ég er frá Húsavík,“ segir Ragnhildur. „Fyrir utan motocrossið eru áhugamálin frjálsar íþróttir og snjósleðar og svo allt sem tengist því og vera með vinum mínum og fjölskyldu.“


Á vefsíðu Verkmenntaskólans á Akureyri má lesa viðtal við Ragnhildi.



„Pabbi er vélvirki og vinnur við þetta. Ég fékk oft að koma með honum í vinnuna og var þá að græja eitthvað og gera á verkstæðinu.“ MYND/ÓSKAR ÞÓR HALLDÓRSSON



„Skólinn gengur bara vel, allavega enn þá. Þetta er mjög skemmtilegt nám og stemningin er fín í bekknum.“



„Ég á Suzuki rmz 250 fjörgengis, 2005 árgærd. Ég byrjaði í motocrossinu í haust.“

MYND/RAGNHILDUR HALLA ÞÓRUNNARDÓTTIR

## Málmtækni er þjónustufyrirtæki í málm- og plastiðnaði

### Helstu vöruflokkar

#### Ryðfrítt stál

303  
304  
316 & fl.  
Plötur  
Stangir  
Fittings

#### Ál

Klæðningar og undirkerfi  
Litaðar ál plötur

#### Ál

5754  
6082  
6061  
7075  
Plötur  
Stangir  
Beygjur  
Gataplötur

Plast tappar  
Glerfestingar  
Fánastangir  
Fánaborgir  
Fjaðurstál

#### Járn

Galv  
Rafgalv  
Kaldvalsað  
Heitvalsað  
Aluzink  
Poly stál

#### Plast


PEHD  
300  
500  
1000  
POM  
PA  
PTFE  
PC  
PET  
PP  
PEEK  
PVC

#### Loftsiur

F3  
F4  
F5  
F7  
F9  
Paintstop  
Hepa  
Dúkar  
Pappasiur  
Rammar

#### Bandsagarblöð

Eir  
Messing  
Blý  
Zink



MÁLMTÆKNI  
ÁL • STÁL • PLAST

Hrafna Hanna Elísa Herbertsdóttir,  
starfsmaður í kerskála.



## Öflugt samfélag til frambúðar

Al gefur okkur einstaka og fjölbreytta möguleika til að styrkja undirstöður atvinnulífs í landinu. Við höfum um árabíl unnið að því að ná jafnvægi milli efnahags og samfélags í anda sjálfbærrar þróunar.

Alcoa Fjarðaál er fjölskylduvænn vinnustaður þar sem ýmis þjónusta stendur starfsmönnum og fjölskyldum þeirra til boða. Þannig tókum við virkan þátt í að byggja upp þróttmikið og sjálfbært samfélag til framtíðar.

**FJARÐAÁL**  
alcoa.is



## ELDSMIÐIR KEPPA

Norðurlandameistaramót eldsmiða fer fram annað hvert ár og skiptast löndin fimm á að halda það. Það var síðast haldið í Firskars í Finnlandi á síðasta ári og tóku nokkrir Íslendingar þátt í mótinu.

Íslensku keppendurnir stóðu sig vel á mótinu. Beate Stormo frá Kristnesi í Eyjafirði vann í flokki meistara en þess má geta að flokkurinn er ætlaður atvinnumönnum en Beate er bóndi. Einar Gunnar Sigurðsson keppti í flokki sveina og lenti í fjórða sæti og Ingvar Matthíasson keppti í flokki ungliða og hreppti annað sætið.

Keppendur fá að vita smíðaverkefni hvers móts með dags fyrirvara. Að þessu sinni áttu þeir að

framleiða tölustafi og fengu keppendur fjóra tíma til að klára verkið.

Aðalmarkmið Norðurlandameistaramótsins er að viðhalda eldsmiðahefðinni í norrænu löndunum ekki síst svo þessi undirstöðugrein deyi hreinlega ekki út. Einnig snýst mótið um að styrkja samvinnu eldsmiða í löndunum fimm og ekki síst að hvetja og styrkja yngri eldsmiði til að afla sér sem víðtækastrar reynslu til að viðhalda gæðum í greininni.

Það eru tveir finnskir eldsmiðahópar sem skipuleggja mótið, Suomen Sepät ry og Taidesevät ry, en það verður næst haldið á Íslandi árið 2023.

Félagið Íslenskir eldsmiðir var stofnað árið 2009 og er með vefinn [www.eldsmidir.net](http://www.eldsmidir.net).



Beate Stormo frá Kristnesi í Eyjafirði vann í flokki meistara.



Þjóðminjasafnið

## Járnsmiði frá fyrstu tíð

Málmsmiði er fjölbreytt atvinnugrein. Innan greinarinnar eru stálsmiðir, rennismiðir, blikksmiðir og málmsuðumenn ásamt málmsteypumönnum. Atvinnumöguleikar eru miklir en þetta eru fagstörf sem eiga skildgreindar námsbrautir í framhaldsskólakerfinu. Málmsmiði er hluti innan VM, félags vélstjóra og málmteknimanna.

Málmsmiði hefur þekkt á Íslandi frá örófi alda þrátt fyrir að hvorki nytjámálmur né steinkol séu í jörðu. Landsmönnum tókst engu að síðu að smíða talsvert af nauðsynlegustu áhöldum úr málm ásamt fögum listgripum, eins og fram kemur á vef Þjóðminjasafnsins. „Margar fornar smíðaaðferðir sem enn héldust fram eftir 20. öld voru nánast hinar sömu og snemma á járnöld. Það sést meðal annars af myndum á rúnasteinum frá víkingaöld og enn eldri fornleifafundum. Það þarf vart að efa að Íslendingar hafi fengið við járnsmíðar frá fyrstu tíð og að ýmsir landnámsmenn hafi verið járnsmíðir góðir. Menn gátu ekki lifað í landinu án járns og annarra málna til smíða og hafa því fljótt þurft að smíða margt til búa sinna, einkum úr járn. Vafalaust voru margir það sem síðar var kallað búhagir, gátu smíðað það sem þurfti til daglegs brúks, bæði úr málm og tré.

Járn var reyndar lengi dýrt og oft torfengið fyrir á öldum og var því sparað svo sem unnt var. Margir brúkslutir voru gerðir úr tré einu saman, sárir trégyrtir og kistlar geirnegldir eða tréseymdir, jafnvel voru skip tréseymd að hluta. Tvennt þurfti til járngerðar á Íslandi, mýrrauða og viðarkol,“ að því er fram kemur á vefnum [www.thjodminjasafn.is](http://www.thjodminjasafn.is).



# HARDOX

## WEARPARTS



# Hardox harðhausar

Héðinn hf. er eina íslenska fyrirtækið í “Hardox Wearparts” þjónustunetinu.

Þessa viðurkenningu veitir SSAB, framleiðandi Hardox, einungis þeim fyrirtækjum sem standast ítrustu kröfur um þekkingu, tækjakost, lager og vinnubrögð við vinnslu á Hardox slitstáli. Ávallt til á lager Hardox í þykktum frá 4 mm upp í 50 mm.

Meðal þess sem Héðinn smíðar og endurnýjar með Hardox slitstáli má nefna:

- ≡ Ýtutennur
- ≡ Malarflutningspallar
- ≡ Grjótflutningspallar
- ≡ Ripperar
- ≡ Skerar
- ≡ Sanddælurör
- ≡ Grjótmulningshörpur
- ≡ Kurlhnífar
- ≡ Kerskóflur
- ≡ Toghlerar
- ≡ Ruslagámar



**HÉÐINN**

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100